



Fundargerð nr. 40 Framkvæmda- og veitunefnd Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg fundarsalur
Fundardagur: Miðvikudagur 8. apríl 2026
Fundartími: 8:10-10:00
Fundarmenn: Haraldur Einarsson, formaður
Hjalti Guðmundsson
Sveinn Orri Einarsson, varamaður
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson, oddviti
Börkur Brynjarsson, vatnsveita undir lið 1
Guðmundur Daníelsson undir lið 2

Haraldur Einarsson stýrði fundi. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

- Börkur Brynjarsson fór yfir þau verkefni sem hann hefur verið að vinna að. Handbók/innra eftirlit og kerfismynd vatnsveitu var í fundargögnum. Kerfismyndin og handbókin eru gögn sem þurfa að vera stöðugt uppfærð eftir því sem vatnsveitan tekur breytingum. Umræður um að handbókin sé rafrænt lifandi gagn sem sé uppfærð reglulega og að nefndin ætti að fara yfir hana árlega enda er handbókin hluti af innra eftirliti vatnsveitunar og undir árlegu eftirliti Heilbrigðiseftirlitsins.
Mælt er til þess að bilanir sé skrásettar og færðar inn í handbók og kortagrunn

Varðandi rafrænan kortagrunn vatnsveitunnar þá er verið að skoða að gera samning við aðila til að sjá um innmælingar á vatnsveitunni. Sá aðili getur bæði séð um innmælingar og einnig séð um grunninn þannig að gögn skili sér inn á kortagrunninn á map.is.

Mikilvægt að setja skýrar reglur um verklag um innmælingar og skráning í kortagrunninn sem þarf að vera hluti af framkvæmdum í vatnsveitunni.

Vatnsstofn með Hamarsvegi. Beðið er eftir svari frá Vegagerðinni um afnotaleyfi í veghelgunarsvæði. Mögulega þarf að vinna aðeins ítarlegri gögn. Börkur mun fylgja málinu eftir ásamt sveitarstjóra.

Uppsalar dæluhús. Steinn Þórarinsson vinnur að því að klára uppsetningu á búnaði og fleira í dæluhúsinu. Styttist í að hægt verði að tengja stofna við nýrri lögnina.

Jón Valgeir Geirsson mun klárar þau verkefni sem standa útaf í Ruddakróki.



Ólafsvellir ehf. komnir af stað með lagnir í Þjórsár- og Fossabraut. Þar er það bara neysluvatnið sem snýr að Flóahreppi.

Þingdalur. Kom í ljós í rafmagnsleysi á dögum að það vantaði tengil fyrir rafstöðina í Þingdal. Verið að bregðast við því.

Í dag eru fjórar dælustöðvar og ein færanleg rafstöð sem þarf að vera aðgengileg þegar á reynir.

Lagt er til að ný nefnd fari í skoðunarferð í upphafi kjörtímabils að skoða vatnsveitumannvirki í Flóahreppi.

Berki Brynjarssyni falið að taka saman minnisblað um þau verkefni sem hann er að vinna að sem lagt verður fram með samantekt nefndarinnar á lokafundi í maí.

2. Guðmundur Daníelsson fór yfir eftirlitskerfi/vöktunarkerfi vatnsveitunnar og stöðu á því verkefni.

Pálmi Sigurðsson er að vinna að málinu með Guðmundi Daníelssyni. Farið verður í uppsetningu á búnaði á næstu dögum en allur búnaður er kominn til landsins.

Rætt um að einhver vatnsveitumannvirki eru ekki tengd við rafmagn en hægt að leysa vöktun með skynjurum sem ganga fyrir batterý og eru með birtuskynjara.

Í ljósi þessarar tækni sem mun umbylta vöktun og eftirliti með vatnsveituni er mikilvægt að hugsa um hvort það eigi að leggja aukarör með öllum nýjum vatnsrörum til að geta aukið vöktun enn frekar í framtíðinni og brugðist hraðar og betur við lekum. Þannig að öll mannvirki séu í fjarskiptasambandi eða auðvelt að tengja þau eftir á.

Guðmundi Daníelssyni falið að taka saman minnisblað um þau verkefni sem hann er að vinna að sem lagt verður fram með samantekt nefndarinnar á lokafundi í maí.

3. Áhaldahús

Minnisblað frá Pálma Þormóðssyni lagt fram. Umræður um mismunandi tegundir húsa.

Sveitarstjóri skoðar málið nánar ásamt Pálma Þormóðssyni skv. umræðum á fundinum. Stefnt að því að hefja framkvæmdir í sumar þ.e aðkomuveg, jarðvinnu og reisingu á húsi.

4. Flóaskóli viðbygging

Rætt um stöðu á viðbyggingu. Aðaluppdrættir komnir til byggingafulltrúa. Búið að festa jarðvinnuverktaka fyrir sumarið. Sveitarstjórn mun taka ákvörðun um burðarþolshönnun og lagnahönnun á næstu dögum.

5. Aðrar framkvæmdir

Framkvæmdir við utanhússklæðningi við Þjórsárver munu hefjast í apríl. Umsjónarmaður fasteigna er í samskiptum við verktaka vegna framkvæmdanna.



Verið að biðja eftir upplýsingum frá lyftuframleiðanda vegna aðgengismála á skrifstofu. Um leið og það liggur fyrir hvernig lyfta muni vera þá verða breytingarnar teiknaðar og óskað eftir tilboðum frá verktökum í verkefnið.

Farið lauslega yfir stöðu mála varðandi íbúðarbyggðina við Þingborg.

6. Síðasti fundur nefndarinnar verður 6. maí kl. 8:10

Á þessum fundi mun framkvæmda- og veitunefnd gera uppgjör og samantekt á helstu störfum og verkefnum nefndarinnar á kjörtímabilinu. Þar verði helstu áherslumál núverandi nefndar lögð fram þ.e þau mál sem núverandi nefnd telur brýnt að horfa til á næstu árum vegna framkvæmda, viðhalds fasteigna og verkefna í vatnsveitu .

Fundargerð rituð af Huldu Kristjánsdóttur, sveitarstjóra